

Verklag vegna stuðnings við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík (STUÐ-verkefni)

Ungmennaráðin í Reykjavík auglýsa eftir umsóknum um stuðning við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík og geta ungmenni, fjögur eða fleiri, á aldrinum 13-18 ára sem búsett eru í viðkomandi hverfi sótt um stuðning. Forsenda stuðnings er að verkefni sem sótt er um stuðning fyrir séu ungmennum í hverfinu til gagns eða gleði og er meginmarkmiðið að ungmenni upplifi að þau geti haft áhrif á nærumhverfi sitt og að þau finni að þeim sé treyst til að framkvæma með hag ungmenna að leiðarljósi.

Ákvörðun um fjármagn hverju sinni er tekin við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og skiptist fjármagn niður í grunnupphæð sem á árinu 2020 er 250.000 kr. fyrir hvert ungmennaráð og afgangurinn skiptist svo hlutfallslega niður á ráðin eftir fjölda 13-18 ára ungmenna í þeim hverfum sem tilheyra viðkomandi ungmennaráði. Fjöldatölur skulu uppfærðar á tveggja ára fresti.

Kynningarmál:

- Ungmennaráð í viðkomandi hverfi auglýsir eftir umsóknum um stuðning við ungmennaverkefni í sínum borgarhluta, s.s. á samfélagsmiðlum, í hverfisblaði, á heimasíðu frístundamiðstöðvar/félagsmiðstöðva.
- Stuðningur er veittur til greiðslu á útlögðum kostnaði vegna viðkomandi verkefna.
- Ungmennaráð ákveður umsóknarfrest og hvort það vill auglýsa aftur ef öllu fjármagni er ekki ráðstafað í fyrstu umferð.

Umsóknir:

- Ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem búsett eru í viðkomandi hverfi geta sótt um stuðning við verkefni fyrir ungmenni.
- Stuðningur eru ekki veittir einstaklingum, eingöngu hópum (fjórir eða fleiri).
- Fylla þarf út rafrænt umsóknareyðublað þar sem fram koma nöfn umsækjenda, nafn á verkefni og stutt lýsing á verkefni, tímaáætlun (þ.e. hvenær á að framkvæma verkefni) og áætlaður kostnaður.
- Útbúið verði einfalt og aðgengilegt rafrænt umsóknareyðublað sem fylla verður út þar sem tilgreind eru þau atriði sem mikilvægt er að komi fram í slíkri umsókn.

Vinnsla umsókna:

- Umsóknir teknar fyrir á fundi viðkomandi ungmennaráðs og afgreiðsla umsóknar/umsókna skráð í fundargerð – hafa skal í huga hvernig verkefnið kemur ungmennum í hverfinu að gagni eða gleði.
- Umsækjendur upplýstir um afgreiðslu umsóknar.
- Viðkomandi ungmennaráð getur einnig sótt sjálf um stuðning við verkefni en til að gæta hlutleysis er lagt til að Reykjavíkurráð ungmenna taki slíkar umsóknir fyrir (og þá situr fulltrúi úr viðkomandi ungmennaráði hjá) og samþykki eða hafni þeim. Unnið er eftir sömu viðmiðum, þ.e. hvernig verkefnið kemur ungmennum í hverfinu að gagni eða gleði.

Umsýsla fjármagns:

Fjármagnið fer í gegnum frístundamiðstöðina sem sér um að greiða þá reikninga sem búið er að samþykkja formlega (samkv. fundargerð ungmennaráðs) að greiða samkv. fjárhagsáætlun í umsókn um stuðning.

Lokaskýrsla:

Skila þarf inn lokaskýrslu til skóla- og frístundasviðs þar sem sagt er frá verkefninu, hvernig gekk og hvernig fjármagni var ráðstafað. Útbúið verði einfalt og aðgengilegt rafrænt skýrsluform sem fylla skal út við lok verkefnis.